

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.  
Vigfús Þór Hróbjartsson  
Dalbraut 12  
840 Laugarvatn

Reykjavík 27. nóvember 2020  
UST202011-221/A.B.  
10.04.03

### **Efni: Lýsing - Deiliskipulag - Brúarhlöð í landi Hauksholts - Hrunamannahreppur**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Hrunamannahrepps er barst 19. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að deiliskipulagi fyrir Brúarhlöð í Hrunamannahreppi.

Í greinargerð kemur fram að markmið verkefnisins eru að vinna heildarskipulag fyrir móttöku ferðamanna á svæðinu sem tekur til bílastæðis, fyrir um 30 bíla og 4 rútur, göngustíga, útsýnis- og áningarstaða og um 70 – 100 m<sup>2</sup> þjónustuhúss þar sem verður m.a. snyrtiaðstaða. Svæðið er um 6 ha að stærð. Í greinargerð kemur fram að svæðið sé á náttúruminjaskrá og bendir stofnunin á mikilvægi þess að tillagan rýri ekki verndargildi svæðisins.


#### **Forsendur og ferðamenn**

Í greinargerð kemur fram að fjöldi ferðamanna hefur aukist á svæðinu undanfarin ár og því mikilvægt að byggja upp innviði og þjónustu. Í greinargerð kemur fram markmið skipulagsins er að styrkja og auka þolmörk svæðisins og aðstöðu svo það geti betur tekið á móti þeim fjölda sem sækir og mun sækja svæðið í framtíðinni.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í forsendum tillögunnar hver sé áætlaður fjöldi ferðamanna sem mun heimsækja svæðið. Með þeim forsendum væri hægt að rökstyðja umfang tillögunnar, stærð bílastæðis, þjónustubyggingar og áningarstaða, og umfang göngustíga.


#### **Flúðasiglingar**

Í greinargerð kemur fram að svæðið hefur einnig verið nýtt töluvert fyrir flúðasiglingar í Hvítá. Umhverfisstofnun telur óljóst hvort tillagan taki til aðstöðu fyrir þá ferðamenn sem stunda flúðasiglingar og bendir stofnunin á mikilvægi þess að fjallað sé um umhverfisáhrif þann hluta ferðaþjónustunnar í tillögunni.



Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson  
sérfræðingur